

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 27 ? 11.12. 2003

Fimmtudaginn 11. desember, árið 2003 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í Áhaldahúsinu.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Hitaveita Akrahreppi (hreppsnefnd Akrahrepps kemur á fundinn)
2. Fjárhagsáætlanir hita- og vatnsveitu 2004 (drög)
3. Dreifikerfi á Steinsstöðum í landi Laugahvamms ? kostnaðarmat
4. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Farið yfir kostnaðarútreikninga á hitaveitu í Akrahreppi sem Verkfræðistofan Stoð ehf hefur gert og arðsemisútreikninga, sem gerðir eru af KPMG Endurskoðun á Sauðárkróki og verða útreikningarnir lagðir fram á fundi með hreppsnefnd Akrahrepps nú á eftir. (Kl. 17.00 mætir hreppsnefnd Akrahrepps á fundinn) Af hálfu Akrahrepps eru mætt Agnar Gunnarsson oddviti, Þórarinn Magnússon, Þorleifur Hólmsteinsson og Svanhildur Pálsdóttir. Kostnaðar- og arðsemisútreikningarnir voru kynntir fyrir hreppsnefndarmönnum. Miklar umræður fóru fram um málefnið. Kom fram að hreppsnefnd Akrahrepps muni skoða málið og hafa síðan samband um framhaldið.

2. Páll Pálsson veitustjóri lagði fram og fór yfir drög að fjárhagsáætlunum hita ? og vatnsveitu vegna ársins 2004.

3. Páll Pálsson veitustjóri lagði fram og kynnti kostnaðarmat og verðmæti hitaveitukerfisins í landi Laugahvamms, unnið af Verkfræðistofunni Stoð ehf.

4. Önnur mál.

1. Páll Pálsson gerði grein fyrir Veitustjórafundum sem haldinn var í Keflavík 4. ? 5. des. 2003.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð upplestin og samþykkt, fundi slitið kl. 19.15.